



Umsókn um ferðastyrk úr Reykjavík Loftbrú

Umsóknina er hægt að fylla út og senda á netfangið asakolka@visitreykjavik.is

Umsókn um ferðastyrk úr Reykjavík Loftbrú vegna verkefnisins: _____

Upplýsingar um undirritaðan:

Nafn:		Símanúmer/GSM:
Heimilisfang:	Netfang:	

1. Fyrirsvar viðsemjenda

Nafn forsvarsmanns _____ Kt. _____

Er í fyrirsvari fyrir umsækjanda og hefur fyrir hans hönd samskipti um framkvæmd verkefnisins gagnvart Reykjavík Loftbrú.

2. Verkefnið

Lýsing: (Lengd lýsingar skal vera um 1 bls. A4)

Dagsetningar:	Fjöldi farmiða:

Nöfn umsækjenda:	Kennitala:	Hlutverk í verkefninu:



Listi yfir meðfylgjandi gögn og staðfestingar:

1. _____
2. _____
3. _____
4. _____

Óskað er eftir að umsókn fylgi eintak af útgefinni tónlist.

Fær umsækjandi greidd laun og/eða þóknun fyrir þátttöku sína í verkefninu/viðburðinum?

Er verkefnið styrkt, eða hefur verið óskað eftir styrk frá öðrum sjóðum eða opinberum aðilum?

Önnur framlög sem ætlað er að mæta ferðakostnaði vegna verkefnisins:

Ert þú og/ eða einhver af umsækjendum félagi í STEF og/eða FÍH?

Annað sem umsækjandi kýs að taka fram og lýtur að skilyrðum fyrir styrkveitingum úr sjóðnum Reykjavík Loftbrú:

Forsvarsmaður ábyrgist að verkefnið svari til lýsingarinnar og að framvinda verði með þeim hætti sem þar er lýst. Stuðningur Reykjavíkur Loftbrúar við verkefnið er bundinn þeirri forsendu að verkefnið og framvinda þess verði í samræmi við lýsingu og áætlanir.

Sérstök athygli er vakin á því að styrkir úr Reykjavík Loftbrú eru framtals- og skattskyldir. Launamiðar verða gefnir út á styrkþega í lok árs.

Ekki er veitt úr sjóð Loftbrúar í júlí.

Umsókn ásamt fylgigögnum skal skilað í þremur eintökum til:
Höfuðborgarstofu, Aðalstræti 2, s. 590- 1500, fax. 590-1501 eða á netfangið asa.kolka@reykjavik.is

Nánari upplýsingar veitir: Ása Kolka Haraldsdóttir asakolka@visitreykjavik.is

Upplýsingar veitir einnig Síma-ver Reykjavíkurborgar s. 4 11 11 11

Skilyrði um styrkveitingar Reykjavíkur Loftbrúar

1. gr.

Grunnskilyrði og staðfestingar

Hlutverk Reykjavíkur Loftbrúar er að styrkja tónlistarfólk, höfunda/tónskáld og útgefendur. Sjóðurinn styrkir flutning og kynningu á íslenskri, framsækinni tónlist með veitingu farmiða vegna ferða á áfangastaði Ícelandair.

Skilyrði styrkveitinga frá Reykjavík Loftbrú er að tónlistarfólk:

- i. Hafi komið fram á tónlistarhátíðinni Iceland Airwaves, og/eða Jazzhátíð í Reykjavík.
- ii. Geti lagt fram gögn um verkefni á erlendri grundu sem að samdóma mati úthlutunarnefndar er talið geta styrkt ímynd Íslands og Reykjavíkur sem uppsprettu framsækinnar menningar og öflugs tónlistarlífs.

Umsækjendur þurfa að leggja fram vönduð gögn sem með óyggjandi hætti staðfesta eitthvað af eftirfarandi:

- iii. Fyrirhugað tónleikahald eða aðra framkomu tengda fjölmiðlum og kynningarviðburðum á erlendum vettvangi.
- iv. Raunhæfa möguleika á útgáfu- eða dreifingarsamningi sem styrkveiting geti stuðlað að.
- v. Staðfesting skal vera skrifleg og undirrituð frá einhverjum eftirfarandi: tónleikahaldara, skipuleggjenda, framleiðanda eða hljómplötufrirtæki og skal fylgja með umsókn.

Reykjavík Loftbrú skuldbindur sig til að fara með öll gögn tengd umsóknum sem fyllsta trúnaðarmál.

2. gr.

Styrkþegar og fjöldi styrkveitinga

- i. Að jafnaði skulu styrkþegar að hámarki njóta annars tveggja: fyrirgreiðslu Reykjavíkur Loftbrúar að hámarki í þrjú ár samfellt eða fá að hámarki sex úthlutanir á hverju þriggja ára tímabili. Að jafnaði skal hver umsækjandi aðeins geta sótt um styrk til þriggja verkefna á hverju einstöku starfsári sjóðsins.
- ii. Ferðastyrkur takmarkast við flytjendur og höfunda og að hámarki einn aðstoðarmann. Styrkþegar skulu jafnframt eiga kost á að kaupa farmiða fyrir einn aðstoðarmann til viðbótar á sömu kjörum og Loftbrú býður styrkþegum við úthlutun.

- iii. Hámarks fjöldi fyrir hvert verkefni er 10 miðar.
- iv. Þátttaka útgefenda í sýningum og á viðburðum þar sem útgáfa er kynnt er bundin þeim skilyrðum að verið sé að kynna afmarkað verkefni og gefur kost á úthlutun að hámarki 2 miðum til 2 verkefna á hverju starfsári – eða að hámarki 5 úthlutanir á hverju 3 ára tímabili. Að öðru leyti gilda sömu skilyrði um staðfestingar, greinargerðir og samninga og um tónlistarmenn og höfunda.

Sjóðsstjórn er heimilt að veita undanþágu frá þessum ákvæðum liggi sterkar röksemdir að baki.

3. gr. Takmarkanir á styrkveitingum

- i. Sjóðurinn styrkir ekki ferðir sem skipulagðar eru og styrktar verulega af opinberum aðilum.
- ii. Sjóðurinn styrkir ekki ferðir á fundi, þátttöku í ráðstefnum, upptökur og ferðir sem ekki innifela flutning á lifandi tónlist – sjá þó 2. grein iv.
- iii. Stuðningur Reykjavíkur Loftbrúar tekur einvörðungu til kostnaðar vegna flugmiða á Loftbrúarkjörum og yfirvigtar allt að 100 kg. á áætluðarstaði Ícelandair. Ferðin skal hefjast á Íslandi.
- iv. Styrkþegar bera sjálfir kostnað af hugsanlegri uppfærslu miða og flugvallarsköttum. Heimild fyrir aðstoðarmann á Loftbrúarkjörum skal jafnframt vera staðfest af verkefnisstjórn.
- v. Verkefnisstjórn er óheimilt að taka til umfjöllunar umsóknir frá fyrri styrkhöfum sjóðsins sem ekki hafa uppfyllt ákvæði í samningi, s.s. skil á viðunandi greinargerð og tilvísun til stuðnings Loftbrúar á útgefnu efni og annars staðar þar sem því verður við komið.

4. gr Umsóknir og skilafrestir

- i. Umsóknir skulu berast fyrir 20. hvers mánaðar og skal brottfarardagur vera að lágmarki 3 vikum eftir þá dagsetningu. Styrkþegar fá staðfestingu á úthlutun, sem gildir í 14 daga frá útgáfu. Hafi styrkþegi ekki gengið frá bókun farseðla innan þess tíma fellur úthlutunin niður.
- ii. Umsóknir skulu innihalda greinargóða lýsingu á verkefninu, upplýsingar um kennitölur og hlutverk hvers og eins í verkefninu.
- iii. Sjóðsstjórn og verkefnisstjórn er leyfilegt að gefa vilyrði fyrir styrk án þess að fyrir liggi allar skriflegar staðfestingar enda verði styrkurinn ekki greiddur út nema fyrir liggi gögn, sbr. 1.gr. stofnskrár staðfest af fulltrúum sjóðsins.

5.gr Fyrirkomulag afgreiðslu og samningar

- i. Komi til styrkveitingar skulu styrkþegar skrifa undir samning við Reykjavík Loftbrú.
- ii. Styrkþegi skal undirrita samning við móttöku gjafabréfs og skuldbinda sig til að skila greinargerð um verkefnið og skal hún berast í síðasta lagi mánuði frá heimkomu. Óheimilt er að úthluta umsækjanda hafi skilyrði samnings ekki verið uppfyllt.

Samþykkt af stjórn Reykjavíkur Loftbrúar 25. janúar 2006